

23. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 26.mars. 2007.

Mættir: Arne, Svala, Hulda Sif, Aðalheiður og Elías.

Undir lið 5. mættu jafnframt Alfa Aradóttir frá Akureyrarbæ og Linda Björk Pálsdóttir sem m.a. sér um félagsmiðstöðina í Síðuskóla, ásamt tveimur fulltrúum foreldrafélags Síðuskóla.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Fundir með foreldrafélögum Síðuhverfis.

Lokið hefur verið við að ræða við öll foreldrafélögin í hverfinu. Punktar frá þeim verða teknir til greina og skoðaðir nánar.

3. Gangbrautir í Síðuhverfi.

Gangbrautarmálin rædd og nefndarmenn á einu máli um að koma þurfi athugasemdum áfram til bæjarins um vöntun á gangbrautum á nokkrum stöðum á leið barna í skólann. Skólabörn fara ekki lengri leið en þau þurfa til þess að geta farið yfir á gangbraut. Þeir staðir sem um er rætt eru t.d.:

- Teigasíða – Bugðusíða
- Gangbraut yfir Teigasíðu fyrir þá sem koma út úr Núpa- og Stapasíðu.
- Vantar gangbraut á Miðsíðu fyrir þau börn sem eru að koma frá Fögru- og Flötusíðu.
- Einnig vantar gangbraut yfir Bugðusíðu fyrir þá sem eru að koma frá Núpasíðu á mótis við Vestursíðu.
- Teigarsíða - Ekrusíða

Formanni falið að rita bréf til Akureyrarbæjar og óska eftir úrbótum.

4. Umferðamál.

Umferðamálin verða tekin fyrir á næsta fundi.

5. Aðstaða fyrir 13- 16 ára unglinga í Síðuhverfi.

Nefndarmenn fengu góðar upplýsingar um félagsmiðstöðvastarf.

Starfið hefur ekki breyst tiltölulega mikið síðastliðin tuttugu ár og eru framfarirnar ekki miklar. Í flestum tilfellum er ekki gert ráð fyrir félagsmiðstöð í skólum bæjarins og kostar það því heilmikla fyrirhöfn fyrir nemendur og starfsfólk að færa til húsgögn og annað þess háttar til þess að geta hafið starf sitt. Fjármagn í þetta verkefni er af skornum skammti og þyrfti að auka það töluvert til þess að hægt væri að bjóða ungmennum okkar upp á heildstæðara og betra starf.

Að fara upp í heil stöðugildi og auka fjármagnið á bak við miðstöðvarnar væri góð byrjun á nýju upphafi. Það gæfi meira svigrúm fyrir ýmiss konar klúbbastarf, hópastarf og meira aðhald og umhyggju fyrir nemendum.

Að koma til móts við þarfir unglíngana þýðir að það þurfi að vinna eitthvað um helgar og á sumrin. Þetta eru áhættutímar fyrir unglíngi í áhættuhópi og ætti frekar að vera hægt að ná til þeirra í gegn um öflugt starf félagsmiðstöðva.

Búið er við að vinnuhópur sem vinnur að eflingu félagsmiðstöðva skili áfangaskýrslu í apríl. Hverfisnefnd Síðuhverfis mun fylgjast með niðurstöðu vinnuhópsins og þrýsta á um úrbætur.

6. Önnur mál.

Í samræðum við aðila úr foreldrafélagi Síðuskóla kom í ljós að búið væri að fresta fyrirhuguðum sparkvelli við skólann um óákveðinn tíma. Hverfisnefndin ætlar að kanna það mál nánar hjá Fasteignafélagi Akureyrarbæjar.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið.